# Sýslumannafélag Íslands

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 135/419
*komudagur* 26.11.2007

Alþingi
bt. nefndasviðs
150 Reykjavík

Sýslumannafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um íslenska táknmálið, heildarlög sem og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna íslenka táknmálsins.

Ekkert er nema gott um það að segja að íslenka táknmálið verði fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.
Nái síðartalda frumvarpið fram að ganga mun það hafa áhrif á 22. gr. laga nr. 90/1989 um aðför þess efnis að sýslumaður skuli kalla til táknmálstúlk þegar gerðarþoli, gerðarbeiðandi, fyrirsvarsmaður eða málsvari notar íslenska táknmálið. Vegna þessa skal á það bent að táknmálstúlkar eru fáir í landinu og afar fáir á landsbyggðinni og mun reynast erfitt og dýrt að útvega táknmálstúlk víða, sérstaklega á minni stöðum.

Vík 23. nóvember 2007

SÝSLUMAÐURINN VÍK

Anna Birna Þráinsdóttir
sýslumaður í Vík
og formaður Sýslumannafélags Íslands